

43. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn 3. desember 1996, kl. 9.30 á Selfossi.

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur I. Gunnlaugsson, Þorvarður Hjaltason og Jón Ólafsson hrl.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Niðurstaða í yfirmatsmálinu: Eigendur Auðsholts gegn Sorpstöð Suðurlands.

Jón Ólafsson lagði fram og kynnti niðurstöður matsins og bréf Lárusar Blöndal hdl., dags. 27. nóvember 1996.

Samþykkt að hafna þeim kröfum sem fram koma í bréfi Lárusar og Jóni Ólafssyni hrl. falið að svara bréfinu.

Jafnframt verði matskostnaði sérstaklega mótmælt og farið fram á að héraðsdómari úrskurði um þá fjárhæð sbr. 66. gr. einkamálalaga.

2. Niðurstaða í eignarnámsmálinu: Ölfushreppur gegn eigendum Hvalsbrúnar.

Málið kynnt.

Ljóst er að Ölfushreppur unír niðurstöðum og samþykkti stjórnin að greiða Ölfushreppi þann kostnað sem málinu fylgir.

3. Erindi frá Furu hf., dags. 6. nóv. sl. vegna förgunar á ryki um stálbræðslu.

Erindinu hafnað og framkvæmdastjóra falið að svara því.

4. Fundargerð samráðsfundar rekstrar- og eftirlitsaðila og formanns heilbrigðisnefndar Ölfushrepps frá 21. október sl.

Í fundargerðinni kemur fram að aðilar fundar hafi verið sammála um að reksturinn væri í góðum farvegi og innan ramma starfsleyfis.

5. Afrit af erindi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 25. nóvember sl. til Hollustuverndar ríkisins varðandi mengunarvarnareftirlit vegna urðunarstaðar Sorpstöðvar Suðurlands í Kirkjuferjuháleigu.

Til kynningar.

Í erindinu kemur m.a. fram að rekstur sorpurðunarstaðarins hefur uppfyllt vel allar kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi fyrir reksturinn.

6. Afrit af bréfi Runólfs Gíslasonar, Auðsholti, til hreppsnefndar Ölfushrepps, dags. 20. nóv. sl.

Í bréfinu er kvartað undan starfsemi Sorpstöðvarinnar.

Fullyrðingum sem fram koma í bréfinu er mótmælt og vísað til fundargerðar samráðsfundar rekstrar- og eftirlitsaðila frá 21. október sl. og greinargerðar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 25. nóv. sl.

Samþykkt að óska eftir umsögn Hollustuverndar ríkisins um erindi Runólfs.

7. Ráðningarsamningur Sorpstöðvar Suðurlands og Guðna Jónssonar, dags. 15. nóv. 1996.

Samningurinn staðfestur.

8. Blaðafréttir af starfsemi Sorpstöðvar Suðurlands og greinargerð formanns og framkvæmdastjóra vegna þeirra.

Til kynningar.

9. Drög að fjárhagsáætlun.

Lögð fram til umræðu.

Drögin rædd og talin þörf fyrir 5% hækkun gjaldskrár til sveitarfélaga á næsta ári og 2x5% hækkun til sláturleyfishafa. 1. jan. og 1. júlí. Einnig verði gjaldskrá samræmd. Endanleg áætlun lögð fram á næsta fundi.

10. Önnur mál.

a) Kynnt bréf Sorpstöðvarinnar til þingmanna Suðurlands, dags. 7. nóv. sl., þar sem óskað er eftir að vegagerð að Kirkjuferjuháleigu verði tekin inn á vegaáætlun.

Næsti fundur ákveðinn 12. des. n.k. kl. 9.00.

Fundi slitið kl. 13.05.

Karl Björnsson.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Guðmundur Hermannsson.

Þorvarður Hjaltason.